Bragi Ásgeirsson:

LJÓS 75

Ljósmyndasýningar hafa jafnaðarlega yfir sér vissan þokka, hvort sem um er að ræða úrtak fréttaljósmynda, mynda tekinna af handahófi við ýmis tækifæri, skapgerðarmyndir eða að lögð er áherzla á listræna úrvinnslu myndefna. Í dag nota myndlistarmenn ljósmyndatæknina á margvíslegan hátt sem listrænt hjálpar- eða tjáningarmeðal og á síðari árum með heimspekilegu ívafi og krufningu tilverunnar („conceptual art").

Tjáningarmöguleikar hins optíska auga virðast nær óþrjótandi sem tæki til persónulegrar sköpunar, en um leið er ljósmyndin sú listgrein, sem máski er mest misskilin. Líkt og í málverkinu virðist það aðalatriðið, að fyrirmyndin komist til skila, að myndin líkist t.d. frænku gömlu, sem hún er af og helzt á frænkan að vera stássklædd og „fallegri" en í hversdagsleikanum, nokkurs konar bankastjóra-portrett. Við þekkjum öll uppstilltar fermingar-, brúðar- og fjölskyldumyndir, sem eru ein leiðinlegasta tegund ljósmynda sem hugsazt getur og gefur í flestum tilvikum alranga hugmynd af viðkomandi persónum. Þetta er sem sagt ákaflega svipað og tilvitnunin í bláa litinn, „að enginn vissi hvað blátt væri, fyrr en hann hætti að setja hann í samband við himin eða haf og hugsaði einungis um hann sem litatón", og það er vissulega ástæðulaust að láta allt rautt minna sig á kommúnisma og byltingu! Að sjálfsögðu eru litir einnig notaðir sem slík tákn í listinni en fjarri því að jafnaði, því að hann lýtur sínum eigin ströngu lögmálum og hið nákvæmlega sama má segja um ljósmyndavélina og möguleika hennar eða réttara, hins optíska auga.

Það er einmitt út frá listrænum forsendum sem þremenningarnir ungu ganga er standa að ljósmyndaklúbbnum „Ljós", en það eru þeir Gunnar S. Guðmundsson, Kjartan B. Kristjánsson og Pétur Þ. Maack. Þetta er hópur áhugamanna, sem nú heldur þriðju sýningu sína á Kjarvalsstöðum þessa dagana. Þetta er í annað skipti, sem þeir sýna á þessum stað, og sýningarráð hússins mun í bæði skiptin hafa samþykkt umsóknirnar með öllum greiddum atkvæðum, sem sýnir að það viðurkennir slíka starfsemi sem listviðleitni.


Þessi formáli er nauðsynlegur sem innlegg í deilur um stöðu ljósmyndarinnar í dag sem listgreinar, og þótt þetta sé áhugamannahópur, þá hafa hinir ungu menn sannað getu sína á undangengnum sýningum, og þetta er sannarlega fórnfýsi og áhugamennska en enginn gróðavegur. Í framhjáhlaupi má vekja athygli á því, að ég er þess fullviss, að samtök áhuga- eða frístundamálara hefðu fengið inni á Kjarvalsstöðum án mótatkvæða, hefði slík umsókn borizt, en svo undarlega vill til, að Ísland er trúlega eina landið í veröldinni þar sem slíkir menn virðast ekki til! Hinir ungu menn hafa auglýst eftir gagnrýni, sem er hetjulegt á þeim tímum og við þær aðstæður, að það liggur við, að gagnrýnendur verði að ganga í skotheldum vestum, detti þeim í hug að salla niður sýningu hérlendis, og er slíkt einnig einsdæmi í veröldinni. Frá mínum sjónarhóli er það framar öðru helzt aðfinnsluvert, að það vantar nöfn og númer á myndirnar ásamt skemmtilegum texta í bland, sem geta varpað ljósi á hughrifin, sem myndatökumaðurinn varð fyrir af myndefninu. Þannig er nær ókleift fyrir mig að gagnrýna einstakar myndir með vísun á nöfn eða númer, sem að sjálfsögðu bindur hendur mínar sem gagnrýnanda. Ég er ei heldur fagmaður í ljósmyndatækni og get því ekki fjallað um myndirnar útfrá fagmannlegu sjónarmiði.

Yfirleit er það sameiginlegt með þremenningunum, að þeir ná að mínu mati langsamlega beztum árangri, er þeir spila á einfaldar andstæður og vinna úr þeim, — t.d. er þeir mynda nokkur strá, kaðalspotta, net í sandi, atriði úr auðn-, gróðri og víðáttum náttúrunnar og þegar merlar á fagurskyggðan vatns- eða sjávarflöt og vindur gárar yfirborðið, eða að hysjar undir skýjakaf í nætursorta. Þetta gildir á sína vísu einnig um myndaflokk Péturs af Helgu Eldon.

Stækkunaraðferðir þeirra félaga eru mjög svipaðar og fjölbreytni skortir í kornun og áferð. Þá hefðu þeir gjarnan mátt hafa sama háttinn á og áður að velja í sameiningu úrtak úr verkum hver annars, en ekki hver fyrir sig. Reynslan hefur sýnt, að slíkt er í langflestum tilvikum farsælla, einkum er menn eru ekki orðnir stórmeistarar, en þeir geta engu síður einnig verið gloppóttir um val mynda sinna á sýningar. Allir ná þeir góðum árangri, þegar bezt lætur, en hins vegar er fullmikið af meðalverkum þannig að minna úrtak hefði markað heillegri árangur.

— Gestur sýningarinnar er að þessu sinni Mats Wibe Lund, og er það mjög skynsamleg stefna hjá þeim þremenningunum að auka fjölbreytni sýninga sinna með því að bjóða jafnan einum lengra komnum í faginu þátttöku. Síðast var það Gunnar Hannesson, og er framlag hans mér enn í fersku minni. Mats Wibe Lund er þrautþjálfaður atvinnumaður og hefur tekið margs konar myndir, m.a. mikið af myndum af listaverkum og listamönnum fyrir Icelandic Review og er mér það ráðgáta, af hverju sá þáttur er ekki að einhverju leyti með í sýningardeild hans. Myndir hans eru teknar við ýmis tækifæri á ferðalögum heima sem erlendis og bera fagmanninum vitni og eru mjög vel teknar. Minnist ég sérstaklega mynda líkt og „Sólþurrkaður fiskur" (2) tekin í Bangkok, mjög skemmtileg í byggingu og sýnir, að Mats hefur næmt auga fyrir formi. Myndin „Á Kaldadalshæðum" (20) er ein áhugaverðasta mynd hans, tær, skýr og hrein í formi, og svipað má segja um næsta númer á eftir, „Brennisteinshver austan Námaskarðs". Fróðlegt er að bera saman vinnubrögðin í litmyndum fyrri tíma

Framhald á bls. 16



Mats Wibe Lund: „Grænlenskur bóndi."



Gunnar S. Guðmundsson: „Voraldar veröld."



Pétur Þ. Maack: „Helga Eldon"



Kjartan B. Kristjánsson: „Krotað í sand."